

14. júlí 2017

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

Samdráttur í veltu íslenskra dagvöruverslana í júní

Velta dagvöruverslana dróst saman um 3,6% í júní frá sama mánuði í fyrra. Costco er ekki með í mælingunni heldur aðeins þær verslanir sem voru á markaði fyrir komu verslunarrisans. Costco kaus að veita ekki upplýsingar um veltu sína þegar eftir því var leitað. Síðastliðin ár hefur vöxtur í veltu dagvöruverslana verið nokkuð stöðugur og er samdrátturinn nú nokkuð úr takti við þá þróun. Líklegt er að Costco hafi klipið af markaðshlutdeild þeirra verslana sem fyrir voru á markaði og það skýri samdráttinn.

Þá er athyglisvert að verð á dagvöru lækkar í hraðari takt undanfarna tvo mánuði en sést hefur um alllangt skeið. Verð á dagvöru var 3,9% lægra í júní síðastliðnum en í júní í fyrra samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar. Verðið í júní lækkaði um 1,1% frá mánuðinum á undan. Verðmæling Hagstofunnar nær ekki til verðlags í Costco.


Þó velta dagvöruverslana hafi dregist saman að krónutölu þá jókst hún um 0,3% að raunvirði, þ.e. þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagsbreytingum á einu ári. Þetta felur í sér að þótt veltan hafi dregist saman að nafnvirði er magn þess sem selt er nánast það sama og fyrir ári síðan í þeim dagvöruverslunum sem voru á markaði fyrir komu Costco.

Sveiflur í veltu dagvöruverslunar hefur löngum í takt og veltu áfengissölu. Sala áfengis í júní jókst um 7,8% frá sama mánuði í fyrra og er því nokkuð frábrugðin veltu á dagvöru að þessu sinni. Verð á áfengi var óbreytt frá fyrra ári.

Verð á raftækjum, farsímum og tölvum hefur lækkað umtalsvert. Í júní var t.d. verð á svokölluðum brúnum raftækjum (sjónvörpum, hljómflutningstækjum, brauðristum o.fl.) 19,6% lægra en í sama mánuði í fyrra og á farsímum lækkaði verðið á sama tímabili um 14,1%. Líklegt er að þarna gæti áhrifa frá innkomu Costco, þó aðrir þættir gætu haft áhrif, eins og lægra innkaupsverð frá framleiðendum ásamt styrkingu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Tekið skal fram að gæðabreytingar hafa áhrif á verðlagsmælingu Hagstofunnar sem hér er stuðst við.

Fataverslun

Velta fataverslunar á Íslandi heldur áfram að dragast saman og er varla svipur hjá sjón miðað við sölu á fötum fyrir áratug síðan eða fyrir hrun bankanna. Það sem af er þessu ári hefur velta stærstu fataverslana landsins dregist saman enn frekar eins og sést á meðfylgjandi skýringarmynd. Ástæða hins skarpa samdráttar á þessu ári er lokun nokkurra fataverslana og hagræðing sem átt hefur sér stað í fataverslun í byrjun árs. Enn er boðuð fækkun fataverslana.



Talið er að fataverslun hafi í auknum mæli færst til útlanda, bæði með auknum ferðalögum landsmanna til annarra landa svo og vegna mikillar aukningar í netverslun með föt frá útlöndum.

Verð á fötum var 2,5% lægra í júní en í sama mánuði í fyrra.

júní 2017	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Árstíðaleiðrétt fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	-3,5%	-3,5%	-2,4%	0,5%	-3,3%	-0,2%
Áfengi	15,8%	7,8%	16,1%	7,8%	-1,8%	1,8%
Föt	-3,3%	-18,2%	-6,6%	-16,1%	-1,8%	-14,9%
Skór	0,9%	7,1%	3,1%	12,2%	13,7%	11,4%
Húsgögn	0,6%	12,9%	4,9%	22,4%	7,6%	19,8%
Byggingavörur	2,1%	12,2%	2,3%	13,7%		
Hvít raftæki	-2,9%	15,3%	-4,4%	27,1%	2,7%	25,9%
Brún raftæki	-6,4%	-19,9%	-3,1%	-0,3%	-2,1%	-1,2%
Farsímar	3,9%	8,2%	11,0%	25,9%	12,8%	25,8%
Tölvur	-2,0%	29,7%	3,0%	46,3%	7,4%	44,3%

Talnaefni

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 3,5% á breytilegu verðlagi í júní miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 0,5% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum dróst velta dagvöruverslana í júní saman um 0,2% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru lækkaði um 3,9% á síðastliðnum 12 mánuðum og var í júní 1,1% lægra en í mánuðinum á undan.

Sala áfengis jókst um 7,8% á breytilegu verðlagi í júní miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 7,8% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta áfengisverslana í júní um 1,8% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 0 lægra í júní síðastliðnum og 0,3% lægra en í mánuðinum á undan.

Fataverslun dróst saman um 18,2% í júní miðað við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og dróst saman um 16,1% á milli ára á föstu verðlagi. Verð á fötum var 2,5% lægra í júní síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Velta skóverslunar jókst um 7,1% í júní á breytilegu verðlagi og jókst um 12,2% á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst skósala um 11,4% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Verð á skóm lækkaði í júní um 4,5% frá júní í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 12,9% meiri í júní en í sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og jókst um 22,4% á föstu verðlagi. Velta sérverslana með rúm jókst um 3,4% frá því í fyrra á breytilegu verðlagi. Velta sérverslana með skrifstofuhúsgögn jókst um 6,2% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur lækkað um 7,7% á síðustu 12 mánuðum.

Verslun með byggingavörur jókst í júní um 12,2% í júní á breytilegu verðlagi og jókst um 13,7% á föstu verðlagi. Verð á byggingavöru er 1,3% lægra en fyrir tólf mánuðum síðan. Þá jókst velta gólfefnaverslana um 2,9% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra.

Velta í sölu á tölvum jókst í júní um 29,7% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og farsímasala jókst um 8,2%. Sala minni raftækja, svokallaðra brúnvara, dróst saman um 19,9% á breytilegu verðlagi en sala stærri raftækja, svokallaðra hvítvara, jókst um 15,3% á milli ára.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson arni@bifrost.is og í síma 868-4341